

Fundargerð

9. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2004-2006, var haldinn í Íþróttamiðstöð Íslands, þriðjudaginn 15. febrúar 2005, og hófst hann kl. 20:00.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir: Jónas Egilsson formaður, Einar K. Jónsson, Stefán Halldórsson, Unnur Sigurðardóttir, Birgir Guðjónsson, Sigurður Pétur Sigmundsson, Guðmundur Gr. Kristinsson, Fríða Rún Þórðardóttir unglíngalandsliðsþjálfari og Egill Eiðsson framkvæmdastjóri. Einnig var Arndís Arnþórsdóttir bókari sambandsins viðstödd umræður um lið 2a. Sonja Sif Jóhannsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fundinn og stjórnaði.

1) Fundargerðir

Fundargerð 8. fundar stjórnar. Samþykkt.

Samþykkt var að fundargerðir stjórnar yrðu framvegis settar á netið eftir að stjórnarmenn, sem sátu fundinn, hefðu samþykkt hana, en framkvæmdastjóri skal senda hana til stjórnarmanna í tölvupósti sem fyrst að fundi loknum.

2) Fjármál

- a) Ársreikningar 2004. Arndís Arnórsdóttir, gerði grein fyrir fyrstu drögum að ársreikningum FRÍ fyrir árið 2004. Fram kom að rúmlega kr. 200 þús tap væri á rekstri skv. þessum drögum, en rúmlega kr. 700 þús ef vaxtagjöld væru meðtalin. Þá var einnig rætt um skattalegt umhverfi sambandsins, sérstaklega í sambandi við útgáfumál. Samþykkt að gjaldkeri skoði betur skattamálin í samráði við bókara og hafi samband við ríkisskattstjóra vegna þess.
- b) Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2005. Lögð fram drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2005. Samþykkt að aðlaga einstaka liði í fjárhagsáætlun að ársreikningum, til að einfalda samanburð.
- c) Tillögur Fjárhagsnefndar í fjáröflunarmálum. Gjaldkeri greindi frá fyrsta fundi í Fjárhagsnefnd, þar sem rætt var um mögulegar fjáröflunarleiðir fyrir sambandið s.s. áheitasjóð/áskorendasjóð, merkisbera, heilsuhlaup og verkefnatengdar fjáraflanir t.d. vegna mótaþátttöku erlendis, en skv. áætlun vantar um kr. 4 milljónir til að fjármagna allar áætlaðar keppnisferðir á þessu ári.

3) Móta- og Landsliðsmál

- a) Ákvörðun um þátttöku á mótum á næstu vikum
 1. EM innanhúss 4.-6. mars nk. í Madrid. Samþykkt að velja Gauta Jóhannesson til þátttöku á EM í 1500m hl. Silja Úlfarsdóttir gefur ekki kost á sér til þátttöku, en þau tvö hafa náð lágmarkum sem sett voru fyrir mótið, en frestur til að ná lágmarkum rennur út 27. feb. nk. Egill Eiðsson verður fararstjóri, en hann sækir einnig Norðurlandafund sem FRÍ sér um að þessu sinni, ásamt formanni. Fram kom að formaður verður í Madrid á vegum EAA. Þá var rætt um þjálfaramál á EM, en málið ekki afgreitt.
 2. Vetrarkastmót EAA 12.-13. mars nk. Samþykkt að taka ekki þátt í mótinu að þessu sinni, en mótið fer fram í Mersin í Suður Tyrklandi að þessu sinni.
 3. HM í Víðavangshlaupum í St-Etienne í Frakklandi dagana 19.-20. mars nk. Ekki talinn grundvöllur fyrir að senda keppendur í karlaflokk eins og undanfarin tvö ár. Rædd tillaga um að senda keppendur í unglíngaflokk karla, en ákvörðun frestað að sinni.
- b) Lágmark fyrir mót á árinu 2005. Lögð fram tillaga að lágmarkum fyrir öll helstu mót erlendis á árinu. Samþykkt að birta lágmark fyrir karla- og kvennaflokk á vefsíðu FRÍ, en skoða betur með lágmark fyrir unglíngamótin.

- c) Málefni landsliðs og keppnisferðir 2005. Rætt.
- d) Hlaupaskrá FRÍ. Lögð fram drög að þjónustusamningi milli FRÍ og vefsíðunnar hlaup.is, um að hlaup.is sjái um kynningu og utanumhald á Hlaupaská FRÍ. Samþykkt að formaður ræði nánari útfærslu við forsvarsmann hlaup.is m.t.t. þess að ekki komi til hagsmunaárekstra vegna styrktaraðila samningsaðila.

4) Mótaþing EAA á Íslandi 13.-16.október. Frestað.

5) Lagt fram.

- a) Lögð fram bókina “2004 Annual Combined Events”
- b) Lögð fram handbókina “Directory 2005” frá EAA.
- c) Eftirfarandi félagaskipti hafa verið tilkynnt til FRÍ:
 - * Sævar Jón Andrússon, kt. 220185-4359, úr Umf.Glóa í UFA.
Fær réttindi til að keppa fyrir UFA 16. febrúar nk.
 - * Hrefna Þórarinsdóttir, kt. 090789-2019, úr ÍB (HHF) í Breiðablik (UMSK).
Fær réttindi til að keppa fyrir Breiðablik 18. febrúar nk.
- d) Lagðar fram tillögur frá FRÍ fyrir Þing IAAF í ágúst.
- e) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 27. janúar sl., með dagskrá námskeiða – vor 2005.
- f) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 27. janúar sl., um fund vegna fræðslu- og útbreiðslumála.
- g) Lagt fram bréf frá ÍBR, dagsett 9. febrúar sl., um undirritun samstarfssamninga vegna heimildarmyndar, minnisvarða og vefsíðu um Melavöllinn, en á næsta ári verða liðin 80 ár frá því að völlumurinn var tekin í notkun. Samþykkt að Einar Kristján, varaformaður verði við undirritunina.

6. Önnur mál.

- a) Stefáni fannst áhyggjuefni hversu fáir keppendur mættu til leiks á MÍ innanhúss um sl. helgi í Egilshöll og sagði að stemmingin og árangur hafi ollið honum nokkrum vonbrigðum. Fram kom að keppendur hafi verið 117 og 13 færri en árið 2004 og flest af okkar helsta afreksfólki sé búsett erlendis og ekki að búast við að það komi heim til keppni á meðan aðstæður eru mun lakari en gerast erlendis.
- b) Birgir sagði frá fundi sem hann sótti í Læknanefnd IAAF í Monaco um sl. helgi. Ræddi hann um að IAAF gerði nú kröfu um að íþróttamenn undirgengjust svokölluð EPO test til að fá viðurkennd heimsmet og að IAAF mæltist til þess að slíkt yrði einnig gert gagnvart landsmetum.

Fundi slitið kl. 22:00

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.